

BORARRÁÐ 4. febrúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um framkvæmdir og lagfæringar vegna framkvæmda Félagsbústaða við Írabakka - R18110009

Ástæða afsagnar þáverandi framkvæmdastjóra Félagsbústaða, haustið 2018 var 330 milljón króna framúrkeyrsla við framkvæmdir á íbúðum Félagsbústaða við Írabakka í Reykjavík. Framkvæmdirnar fóru 83 prósent fram úr kostnaðaráætlun, sem var upp á 398 milljónir, og var heildarkostnaðar Félagsbústaða 728 milljónir. Borgarfulltrúi Miðflokksins hefur fengið ábendingar um að enn standi framkvæmdir/lagfæringar yfir við þetta húsnæði og á þeim grunni eru lagðar fram eftirfarandi fyrirspurnir: 1. Hver er heildarkostnaður Félagsbústaða við lagfæringar íbúða Félagsbústaða við Írabakka tæmandi talið miðað við 1. janúar 2021? 2. Var verkið boðið út eða er/var verkið unnið á grunni verktöku? 3. Ef verkið er/var unnið í verktöku – hvernig voru verktakar valdir? 4. Hvenær er áætlað að verklok verði og hvað er áætlað að endalegur kostnaður verði á framkvæmdunum?